



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2016

ENSK1HE05

Enska - Grunnur

Kennari:	Kristjana Hrund Bárðard.	Sk.st.	KHB
-----------------	---------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áhersla verður lögð á að efla sjálfstraust, sjálfstæði og vinnubrögð nemenda. Unnið verður með fjölbreytt verkefni með áherslu á grunnþættina fjóra, lestur, ritun, hlustun og tjáningu. Skerpt verður á þeim hæfnimarkmiðum sem sett eru við lok grunnskóla.

Undanfari:

Einkunn undir 5 á grunnskólaprófi

Þekkingarviðmið:

Nemendur skulu þekkja og skilja:

- þann orðaforða sem er nauðsynlegur til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- grundvallarþætti málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninn á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni
- taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga
- skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hálpargögn í tungumálanámi sínu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir af því sem hann les
- lesa sér til ánægju og þroska skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína á honum

- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum
- skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein, skrifa um hugðarefni sín og áhugamál

Námsefni:

Tekið saman af kennara og nemendum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur búa sér til sína eigin áætlun með aðstoð kennara.

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til af kennara að nemendur fylgist með kennsluáætlun og tilkynningum á Moodle. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til.

Námsmat:

Áfanginn er lokaprófslaus. Notast verður við jafningjamat, leiðsagnarmat og sjálfsmat, ásamt gátlista evrópsku tungumálamöppunnar.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

16. ágúst 2016 – Kristjana Hrund Bárðardóttir